

Rýmingar- og viðbragðsáætlun

Garðasel, Asparskógum 25, Akranesi

Fyrstu viðbrögð eru að leikskólastjóri/staðgengill hans gengur úr skugga um hvort um bruna sé að ræða eður ei og tekur í framhaldi ákvörðun um hvort rýma eigi skólann. Ef þörf er á að rýma leikskólann hringir leikskólastjóri eða staðgengill hans í neyðarlínu 112. Fara þarf að brunastöð, lesa af henni hvort um bruna eða bilun er að ræða. Á brunastöð stendur í hvaða rými eldur er eða hvort um bilun er að ræða.

Ef ekki er þörf á að rýma skólann skal láta allt starfsfólk leikskólans vita

Söfnunarsvæði utandyra. Ef rýma þarf skólann skulu börn og starfsfólk safnast saman við **sandkassasvæðið**.

Nafnalistar. Dagleg viðvera barna er skráð í viðverukerfið Völu. Viðveran er skráð með farsíma og/eða spjaldtölvu en auk þess eru nafnalistar á öllum deildum sem hægt er að taka með sér. Ef til rýmingar kemur á að taka síma eða spjaldtölvu út og merkja við hvert og eitt barn sem komið er út úr skólanum. Á söfnunarsvæði við sandkassann er gengið úr skugga um að allir séu komnir út úr skólanum.

Muna að taka með út farsímana á deildunum.

Slökkvitæki eru staðsett:

- ✚ Eitt léttvatnsslökkvitæki er inn á hverri deild
- ✚ Tvö slökkvitæki er fyrir miðju í fataherbergi í suðurálmum, annað léttvatns og hitt kolsýruslökkvitæki.
- ✚ Eitt léttvatnsslökkvitæki er fyrir miðju í fataherbergi á neðri hæð í norðurálmum.
- ✚ Tvö slökkvitæki er í fataherbergi á efri hæð í norðurálmum, annað léttvatns og hitt kolsýruslökkvitæki.
- ✚ Tvö léttvatnsslökkvitæki er í sal, annað á vegg við lyftu hitt á vegg við útihurð út í garð.
- ✚ Tvö slökkvitæki eru í eldhúsi, annað léttvatns og hitt kolsýruslökkvitæki.
- ✚ Eitt léttvatnsslökkvitæki er við inngang í fataherbergi starfsmanna.
- ✚ Tvö léttvatnsslökkvitæki eru á efri hæð í starfsmannaaðstöðu, annað við útihurð á þakgarð í kaffistofu og hitt við útihurð á þakgarð fyrir framan kaffistofuna.

Ef slökkviliðið er ekki komið á vettvang þegar skólinn hefur verið rýmdur, skal athuga hvort slökkva megi eld með slökkvitæki. Ekki skal grípa til þess nema starfsfólk viti hvernig eigi að standa að því og aldrei ef líf eða heilsa er í hættu með þeim aðgerðum.

Brunaslöngur eru staðsettar:

- ✚ Ein brunaslanga er í hverju fataherbergi barna og staðsett fyrir miðju.
- ✚ Brunaslanga er staðsett fyrir framan kaffistofu á eftir hæð.
- ✚ Brunaslanga er staðsett í salnum sem er miðrými skólans.

Rýmingar- og viðbragðsáætlun er kynnt starfsmönnum en á hverju svæði í skólanum hanga kort upp á vegg sem vísa á stystu flóttaleið úr húsi. Þeir starfsmenn sem eru á viðkomandi rými bera ábyrgð á að rýma það svæði.

Hver starfsmaður sér til þess að börn sem eru á sama svæði og hann komist út. Þegar búið er að tryggja að þau séu komin í örugga umsjá starfsmanna úti fara þeir starfsmenn sem bera ábyrgð á svæðum á sitt ábyrgðarsvæði. Þar gengur starfsmaður úr skugga um að allir hafi komist út og enginn orðið eftir.

Hlutverk og ábyrgð starfsmanna:

- ✚ Deildarstjórar eða staðgenglar þeirra bera ábyrgð á að yfirfara deildir, leikstofu, herbergin tvö, fataherbergi og salerni í fataherbergjum. Þeir ganga úr skugga um að enginn sé eftir inni.
- ✚ Starfsmenn í eldhúsi sjá um að enginn sé eftir inn í eldhúsi, ísskáp, frysti, eða salerni.
- ✚ Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sjá um að yfirfara starfsmannaálmú, kaffistofu, fundarherbergi, undirbúningsherbergi, prentaraherbergi, listasmiðju og sal. Sérkennslustjóri sér um að yfirfara sérkennslurými og fataherbergi starfsmanna.

Mikilvægt er að halda ró sinni og hafa stjórn á aðstæðum.

Viðbrögð við eldsvoða:

- Gerðu viðvart: Handboði, **112**
- Slökktu: Handslökkvitæki
- Rýmdu: Flóttaleiðir og neyðarútgangur
- Veldu stystu leið út
- Aðstoðaðu þá sem þurfa hjálp
- Notaðu ekki lyftu

Sé útgönguleið lokuð:

- Finndu öruggt herbergi, helst með glugga.
- Haltu kyrru fyrir í herberginu.
- Hindraðu að reykur komist inn, þéttu við hurð.
- Gerðu viðvart við þig.
- Bíddu björgunar.
- Tilkynntu þig: Á söfnunarsvæði.
- Ekki fara inn aftur fyrir en leyfi hefur verið gefið.

Jarðskjálftar

- Farðu í horn burðarveggjar, opnar dyr eða undir borð.
- Forðaðu þér frá svæðum þar sem hlutir geta fallið úr hillum.
- Haltu þig frá gluggum.
- **Krjúpa – Skýla – Halda.**
- Ekki hlaupa út í óðagoti.
- Ekki nota lyftur.
- Yfirgefðu bygginguna ef hún er skemmd eftir skjálftann.

Söfnunarsvæði er við sandkassa á lóð.